



Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland

Laufásvegur 12
101 Reykjavík

Sími: 515 9600

list@listasafn.is
listasafn.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3.3.2021

Efni: Umsögn Listasafns Íslands um tillögu að þingsályktun um að heiðra minningu Margrétar hinnar oddhögu, 138. mál.

Vísað er til beiðni um umsögn frá Allsherjar- og menntamálanefnd dags. 18.2. s.l.

Listasafn Íslands er sammála að heiðra megi minningu Margrétar hinnar oddhögu með því að reisa henni minnisvarða á þeim stað þar sem heimildir geta að hún hafi starfað.

Það minnismerki yrði táknrænt fyrir framlag íslenskra kvenna til listar; til allra þeirra huldukvenna sem sagan greinir ekki frá eða lítið er vitað um frá fyrri tíð. Verðugt er að geta Margrétar sem fyrstu nafgreindu listakonunnar og það þrátt fyrir að engir hlutir séu til eftir hana svo vissá sé, heimildir mjög fáorðar. Ýmsar hugmyndir eru uppi um sköpunarverk hennar sem er heillandi að segja frá þó slá verði varnagla við fullyrðingum og leyfa getgátum að lifa.

Fyrir hönd Listasafns Íslands

Harpa Þórsdóttir safnstjóri